

## **Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs**

Fjarfundur var haldinn í stjórn Sprotasjóðs 10. apríl 2015. Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar, Svandís Ingimundardóttir og Aðalheiður Steingrimsdóttir og Björk Óttarsdóttir. Finnur Friðriksson og Sigrún Vésteinsdóttir, umsýsluaðili Sprotasjóðs sátu fundinn í HA á Akureyri.

Sigurjón Mýrdal setti fundinn kl. 10:00. Sigrún Vésteinsdóttir var fundarritari. Eftirfarandi liðir voru ræddir.

### **1) Loka yfirferð vegna úthlutunar 2015-2016**

Tilgangur þessa fundar var fyrst og fremst að klára yfirferð yfir umsóknir fyrir úthlutunartímabilið 2015-2016. Klárað var að fara yfir nokkrar umsóknir með tilliti til hversu miklu fjármagni skyldi úthluta til þeirra.

Alls bárust 172 umsóknir og var heildarupphæð umsókna 362.640.928 mkr.

Stjórn hefur komist að niðurstöðu og leggur til að veittir verði styrkir til 45 verkefna að upphæð 49.280.000 mkr. Nánari upplýsingar um úthlutunina má sjá á heimasíðu Sprotasjóðs [www.sprotasjodur.is](http://www.sprotasjodur.is)

Stjórnin skoðaði vel hvernig umsóknir eru að skiptast eftir skólastigum og landshlutunum og var horft til þeirra þátta við úthlutun.

Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar Sprotasjóðs mun nú leggja þessa tillögu stjórnar að úthlutun fyrir mennta- og menningarmálaráðherra til samþykkis.

Í framhaldinu af því mun umsýsluaðili vinna að því að svara öllum umsækjendum í gegnum tölvupóst.

### **2) Beiðni um frest til að vinna verkefni sem hlotið hefur styrk úr Sprotasjóði**

Umsýsluaðili ræddi við stjórn Sprotasjóðs beiðni frá (Grunnskólanum austan vatna) um að fá að vinna verkefni á þessu úthlutunarári sem ekki hefur tekið að klára að vinna enn til þessa en verkefnið hefur dregist hjá þeim en Sprotasjóður úthlutaði til verkefnisins 2012-2013. Formlega beiðni hefur nú borist til frá skólastjóra skólans til stjórnar Sprotasjóðs og mun stjórnin í framhaldinu taka afstöðu til þess hvort að skólinn fái að vinna verkefnið, þrátt fyrir þessar miklu tafir sem hafa orðið. Samkvæmt reglur Sprotasjóðs þá getur stjórnin kallað til baka þann hluta styrksins sem veittur hefur verið við úthlutun ef vinna við verkefnið og skil á skýrslu dregst fram áætlaðan lokadag verkefnisins.

### **3) Breytingar á texta í umsóknarformi**

Ræddar voru breytingar á skýringartexta í umsóknarformi og gengið frá því. Umsýsluaðili mun sjá um að þær breytingar verði gerðar áður en vefurinn opnar fyrir umsóknir.

### **4) Önnur mál**

Formaður stjórnar vakti máls á því að skoða mætti hvort að sjóðurinn ætti að standa fyrir annarri ráðstefnu eins og gert var árið 2012-2013 með samtökum áhugafólks um skólaþróun, þar sem nokkur verkefni Sprotasjóðs voru kynnt. Einnig ræddi stjórn um að gagnlegt væri að fara í fleiri heimsóknir í skóla og fá kynningu á Sprotasjóðsverkefnum sem eru í gangi. Stjórn sjóðsins ætlaði að ræða þessi mál enn frekar í febrúar.

Fundi slitið kl 13:10.